



VERKMENNTASKÓLI
AUSTURLANDS
Samvinna - þekking - árangur

Rýni stjórnenda Vorönn 2020

Birgir Jónsson
Gæðastjóri

Mýrargötu 10

740 Fjarðabyggð

Netfang: va@va.is

Heimasíða: www.va.is

Sími 477 1620

Fax: 477 1852



Efnisyfirlit

Niðurstöður fyrri rýni stjórnenda	2
Innri úttektir	3
Endurgjöf frá viðskiptavinum	5
Svarhlutfall í áfangamati á haustönn 2019	6
Niðurstöður áfangamats í samanburði við gæðamælikvarða.....	7
Frammistaða ferla og samræmi vöru	9
Yfirferð á skjölum	13
Mætingar, meðaleinkunn, fallprósenta og brottfall	14
Ábendingar, kvartanir, frábrigði.....	14
Útskrift áfanga.....	14
Kennsluáætlanir	15
Framvindumat	16
Áfangaskýrslur	16
Einkunnalistar.....	16
Gerð námsmatspátta.....	17
Samantekt	17
Staða forvarna og úrbóta	17
Aðgerðir til að fylgja eftir fyrri rýni stjórnenda	18
Jafnlaunakerfið	18
Markmið jafnlaunakerfis og launagreiningar	18
Innri úttektir jafnlaunakerfis	21
Niðurstöður markmiða.....	22
Breytingar í rekstri VA sem gætu haft áhrif á stjórnunarkerfið	22

Tillögur um umbætur	24
Tillögur um auðlindir	25

Dags.: 8.6.2020	Tími: 9:00-12:00	Staðsetning: Friðarstofa	Fund boðaði: BJ
-----------------	------------------	--------------------------	-----------------

Mættir:	Karen, Lilja og Birgir
Fjarverandi:	

Niðurstöður fyrri rýni stjórnenda

Fyrsta formlega rýni stjórnenda fór fram í lok haustannar 2019. Á aðgerðarlista fyrir vorönn voru eftirtalin verkefni:

- Vinna áfram að móta innri úttektir og þróa ferlið. Vinnan hófst í lok haustannar og er nú haldið áfram með það markmið að allar verklagsreglur verði teknar út a.m.k. einu sinni ári. Úttektirnar eru í höndum aðila úr gæðaráði og gæðastjóri hefur yfirumsjón með vinnunni.
- Áfangamatshópum var aftur skipt upp í tvennt fjarnám og staðnám. Auk þess var prófað að hafa styttra áfangamat í lok vorannar og var það ætlað til samanburðar við hitt sem er staðsett um miðja önn.
- Unnið hefur verið að því að koma upp fleiri viðburðum í félagslífi og voru þónokkrir litlir viðburðir fyrri hluta annarinnar, t.a.m. FIFA-mót og spilakvöld.
- Rætt var um að breyta gæðamarkmiðum sem snúa að áfangamati úr 85% í 80%. Ákvörðun var í höndum gæðaráðs og ákveðið var á fundi 28.5.2020 að færa markmiðið úr 85% niður í 80%. Tekur það í gildi fyrir skólaárið 2020-2021.
- Nemendur með óreglulega mætingu voru teknir út þegar gæðamarkmið um mætingar er skoðað. Þeir skekkja myndina.
- Settir voru upp fundir varðandi háa fallprósentu í áfanga í lok haustannar. Haldið var áfram að þróa þá á vorönn. Á vorönn var þakið á þeim áföngum sem teknir eru fyrir hækkað úr 30% í 35%.
- Gæðastjóri útbjó myndbönd þar sem farið er yfir útfyllingu gátlista. Verður þetta hluti af þeim gögnum sem kennarar sem eru lítið í húsi fá við upphaf vinnu sinnar.
- Undirbúningur undir að listanum *Gerð námsmatsþátta* (GÁT-037) yrði skilað í upphafi annar þegar um símats- eða lokaverkefnisáfanga er að ræða stóð yfir á önninni og ætlunin er að taka það í gagnið fyrir upphaf haustannar.

- Eitt af verkefnum Rýni stjórnenda í lok vorannar var að greina sterkar og veikar hliðar skólans. Niðurstöður þess má lesa hér fyrir neðan.
- Könnun fyrir starfsfólk á því hvort allt starfsfólk sé upplýst um jafnlaunakerfi væri innleitt og því viðhaldið var lögð fyrir á vorönn 2020.
- Störf í verkgreinakennslu voru auglýst með það markmið að höfða sérstaklega til kvenna.
- Verklagsreglur jafnlaunakerfis og niðurstöður launagreiningar hafa verið kynntar á starfsmannafundum og í skýrslum.
- Endurskoðun á gæðakerfinu í heild hefur farið fram á önninni að mestu í gegnum innri úttektir með það að markmiði að fara í vottunarferli haustið 2020.
- Vinna við að samþykkja öll gæðaskjöl og koma fyrir á viðeigandi stað hefur staðið yfir á önninni og verður lokið snemma á haustönn 2020.
- Upplýsingaflæði til nemenda og forráðamanna hefur verið bætt. Til þess hafa miðlar skólans verið notaðir ásamt því að reglulega eru send út fréttabréf.
- Unnið hefur verið að því að finna leiðir fyrir kennara til að efla áhugahvöt nemenda. Námskeið var haldið í lok vorannar og áframhaldandi vinna við það er á teigniborðinu.
- Þegar skólinn lokaði vegna Covid-19 var lögð mikil vinna í að halda starfsánægju við í gegnum fjarfundarformið. Kaffitímar og hádegishlé voru skipulögð þar sem starfsfólk gat „hittst“. Áframhaldandi vinna við að halda starfsánægju við mun eiga sér stað á haustönn 2020.

Innri úttektir

Ferlið við innri úttektir er að fara í gang og því þarf frekari reynslu á það hvernig þær hafa gengið fyrir sig. Hér á eftir verður fjallað um þær innri úttektir sem hafa farið fram. Í janúar 2020 var gerð úttekt á þeim verklagsreglum sem snúa að jafnlaunakerfinu. Úttektarmenn voru þeir Jón Valgeir Jónsson og Gunnar Ólafsson. Úttekin fór fram dagana 13. og 14. janúar.

Gerðar voru 11 athugasemdir sem skráðar voru á GÁT-005 Frávika- og úrbótaskýrsla. Gæðastjóri hefur yfirumsjón með því að ráðist verði í þær umbætur sem þarf að ráðast í.

Þær umbætur sem þurfti að ráðast í voru:

- Koma inn lýsingu á jafnlaunakerfinu í INN-004
- Kynning á jafnlaunakerfi
- Laga VKL-104 með tilliti til aðferða við skjalastýringu
- Laga VKL-105 með tilliti til aðferða við stýringu á skráum
- Endurskoða verklagsreglur um starfsmannamál (VKL-206 og 207)
- Yfirfara og samþykkja GÁT-005

Í lok vorannarinnar voru ýmsar aðrar verklagsreglur teknar út, þær sem snúa að námi og kennslu, mati innan skólans, starfsemi bókasafns og innritun og útskrift nemenda.

Úttektarmenn voru þeir Jón Valgeir Jónsson, Gunnar Ólafsson, Sigurborg Hákonardóttir og Birgir Jónsson. Úttektirnar fóru fram á bilinu 6. maí-3. júní. Gerðar voru 30 athugasemdir sem skráðar voru á GÁT-005 Frávika- og úrbótaskýrsla. Gæðastjóri hefur yfirumsjón með því að ráðist verði í þær umbætur sem þarf að ráðast í.

Þær umbætur sem þarf að ráðast í eru:

- Endurskoða verklagsreglur um starfsemi bókasafns (VKL-209 og 210)
- Skerpa á hlutverki kennara og umsjónarkennara við VKL-201
- Koma deildarfundum í fastari skorður, m.t.t. fundartíma og skjölunar
- Tryggja rýningu námsmatspátta
- Fara í gegnum vistunarstaði gagna í VKL-306
- Skoða hvort hægt sé að sameina VKL-307 við VKL-306

- Koma GÁT-118 og 119 í gæðahandbók skólans.
- Laga VKL-402 til samræmis við það sem er gert varðandi áfangamat
- Klára að vinna GÁT-028
- Koma að hlutverki gæðastjóra í VKL-406
- Koma hlutverki aðstoðarskólameistara skýrara inn í VKL-408
- Kynna verklagsreglur fyrir þeim sem þær nota
- Tryggja að starfslýsing deildarstjóra rími við hlutverk þeirra samkvæmt gæðakerfinu
- Fara yfir hlutverk deildarstjóra varðandi framvindumat
- Skoða verlag við eftiráúttektir í LSM-008
- Tengingar milli verklagsreglna (VKL-402, 406 og 408 yfir í VKL-106 og VKL-404)
- Endurskoða kafla 5 í VKL-402 þar sem framkvæmdarkafli lýsir ekki verlagi
- Endurskoða kafla 5.1 í VKL-406 þar sem framkvæmdarkafli lýsir ekki verlagi

Endurgjöf frá viðskiptavinum

Í VA er markvisst unnið að því að bæta gæði skólastarfsins og í síauknum mæli er það gert með hliðsjón af þeim gæðamarkmiðum og kvörðum sem eru hluti af ISO 9001 stjórnunarkerfinu. Til að fylgjast með árangri er m.a. rýnt í niðurstöður úr áfangamati.

Á hverri önn er framkvæmt áfangamat sem veitir kennurum niðurstöður um stöðu sína og gefur nemendum tækifæri til að láta í ljós skoðun sína á kennurum og kennslu í einstaka áföngum í skólanum. Tilgangur matsins er að kanna hvernig til hafi tekist með kennslu með það að markmiði að bæta það sem betur mætti fara. Líkt og á síðasta skólaári var áfangamatið framkvæmt í gegnum Innu en fram að því hafði áfangamatið verið framkvæmt í gegnum SurveyMonkey. Framkvæmdin var í höndum gæðastjóra. Niðurstöður áfangamats


voru sem fyrr kynntar kennurum og skólameistara að áfangamati loknu. Einnig fór gæðaráð yfir heildar niðurstöður áfangamats og þær loks kynntar á starfsmannafundi í annarlök.

Samkvæmt verklagsreglu þá skal hver áfangi metinn að jafnaði á 18 – 24 mánaða fresti. Því getur þurft samanlagt fjórar annir til að fá meðaltal fyrir alla kennda áfanga í VA. Með því að framkvæma áfangamatið í gegnum Innu eru allir áfangar settir í mat, þar sem framkvæmdin er einfaldari. Áfangamatinu var breytt töluvert á önninni þar sem ein gerð hafði verið lögð fyrir á haustönn en nú voru þær tvær: áfangamat fyrir dagskóla og dreifnám og áfangamat fyrir fjarnám. Að auki var gerð tilraun með að hafa stutt áfangamat í lok annar til þess að kennarar fengju samanburð við það fyrra.

Svarhlutfall í áfangamati á vorönn 2020

Áfangamatið var lagt fyrir um miðja önn, opnaði þann 24. febrúar, rétt fyrir miðannarmat. Niðurstöður voru gerðar aðgengilegar þann 27. mars. Áfangamatið var sem fyrr segir lagt fyrir í öllum áföngum og í tvennu lagi. Svarhlutfall var 71% í dagskóla/dreifnámi og 54% í fjarnámsáföngum. Heilt yfir var það 68%.

Í gæðamarkmiðum VA er gert ráð fyrir að svarhlutfall þurfi að vera yfir 70% til að matið sé marktækt. Því er ljóst að markmiðið náðist ef horft er til dagskóla. Svarhlutfallið var yfir 70% í 68 áföngum þar af var hlutfallið 100% í 38 áföngum. 47% áfanganna skiluðu marktækum niðurstöðum. Meðalsvarhlutfall í áfanga var 65%.



Mynd 1: Svarhlutfall áfangamats eftir önnum.

Á *Mynd 1* má sjá samanburð á svarhlutfalli í áfangamati fyrir síðustu annir. Hlutfallið sveiflast nokkuð á milli anna og fór mikið niður á við haustið 2018 þegar matið var fært yfir í Innu en er nú aftur á uppleið.

Niðurstöður áfangamats í samanburði við gæðamælikvarða

Eitt þeirra gæðamarkmiða sem sett hefur verið í VA er mælt í áfangamatinu, er það svohljóðandi:


- Að nemendur séu ánægðir með kennslu og aðstöðu til náms í skólanum.

Mælikvarðarnir gagnvart þessu markmiði eru tveir:


- Á heildina litið er ég ánægð(ur) með kennsluna í áfanganum.
- Aðstaða til náms og kennslubúnaður (t.d. kennslustofa, tæki og tól) í áfanganum er viðunandi.

Markmiðið er að 85% nemenda taki afstöðuna frekar sammála eða mjög sammála gagnvart þessum fullyrðingum.

Eins og má sjá á *Mynd 2* þá hefur gæðamarkmið ekki náðst fyrir fyrri mælikvarðann og á þessari önn næst hann heldur ekki fyrir seinni mælikvarðann eins og sjá má á *Mynd 3*. Ljóst er því að grípa þarf til aðgerða varðandi markmiðin.



Mynd 2: Niðurstöður áfangamats sl. fjögurra anna – Ánægja með kennslu



Mynd 3: Niðurstöður áfangamats sl. fjögurra anna – Náms- og kennslubúnaður í áföngum


Til að vísa á frekari niðurstöður úr áfangamati er bent á skýrsluna sem fylgir hér með og er aðgengileg á heimasíðu skólans.

Annað gæðamarkmið tekur á því hvort nemendum líði vel í skólanum og hafi áhuga á náminu. Mælikvarðinn sem notaður er, er Skólapúlsinn. Þar eru nýttir þættirnir Samsömun við nemendahópinn, námsáhugi og vellíðan. Niðurstöður úr þeim mælingum má finna í skýrslu haustannar.

Stutt áfangamat


Í kjölfar haustannar 2019 var tekin sú ákvörðun að hafa einnig styttra áfangamat undir lok annar. Tilgangurinn var sá að kennarar fengju þar samanburð við áfangamatið á miðri önn. Var ætlunin að setja það á INNU og fá nemendur í vinnustofur í næstsíðustu kennsluviku en vegna COVID-19 var það sett á INNU og auglýst meðal nemenda. Var áfangamatið lagt fyrir í vikunni 27. apríl-1. maí. Áfangamatið innihélt þrjár spurningar. Þær tvær sem koma úr gæðamarkmiðunum og er að finna hér fyrir ofan og einnig opna spurningu þar sem nemendur voru m.a. spurðir út í kennsluna eftir að skólinn lokaði þann 16. mars. Nemendur í fjarnámi voru aðeins spurðir einnar spurningar auk þeirrar opnu.

Niðurstöður voru gerðar aðgengilegar kennurum þann 8. maí. Áfangamatið var eins og það fyrra lagt fyrir í öllum áföngum og í tvennu lagi. Svarhlutfall var 47% í dagskóla/dreifnámi og 34% í fjarnámi. Svarhlutfallið er töluvert fyrir neðan viðmiðið en vegna aðstæðna var það talið ásættanlegt í þetta sinn. Á *Mynd 4* má sjá niðurstöðurnar úr fyrri spurningunni. Sjá má að þar eru 80% sammála eða frekar sammála fullyrðingunni, sem er örlítið hærra en í fyrra áfangamatinu. Það ber þó að hafa í huga að svarhlutfallið var mun lægra.



Mynd 4: Niðurstöður í stuttu áfangamati – Ánægja með kennslu

Á *Mynd 5* má sjá niðurstöðurnar úr seinni spurningunni. Á þeim svörum má sjá að 80% eru sammála eða frekar sammála. Það ber að hafa í huga að skólinn var lokaður á þeim tíma sem nemendur svöruðu og hefur það eflaust áhrif á afstöðu þeirra til spurningarinnar.



Mynd 5: Niðurstöður í stuttu áfangamati – Aðstaða til náms – Aðeins dagskóli/dreifnám

Starfsmannakönnun

Starfsmannafélag ríkisstofnana (SFR) stendur árlega fyrir könnuninni *Stofnun ársins* sem er ein stærsta og veigamesta vinnumarkaðskönnun landsins og er hún framkvæmd af Gallup. Í könnuninni eru mældir þættir á borð við ánægju og stolt, starfsanda, trúverðugleika stjórnenda, launakjör, sjálfstæði í starfi, vinnuskilyrði, sveigjanleika vinnu, ímynd stofnunar og jafnrétti. Niðurstöðurnar gefa mikilvægar upplýsingar um stöðu mála innan þeirra stofnana sem taka þátt í könnuninni.


Verkmenntaskóli Austurlands hefur verið þátttakandi í *Stofnun ársins* undanfarin ár og því var ákveðið í *Gæðaráði* að nota þessa könnun sem starfsmannakönnun skólans. Könnunin var framkvæmd í þetta sinn í mars 2020. Niðurstöður voru sendar skólanum í maímánuði og voru þær rýndar í *Gæðaráði*. Hluti af gæðamarkmiðum VA eru metin út frá niðurstöðum úr *Stofnun ársins* en samkvæmt þeim er stefnt að því að niðurstöður í VA séu yfir meðaltali niðurstaðna annarra framhalds- og háskóla ár hvert á kvarðanum 1- 5. Skilgreind gæðamarkmið gagnvart starfsánægju og starfsumhverfi sem mæld eru með könnuninni eru eftirfarandi:

- Að starfsmenn séu ánægðir í starfi sínu í VA.
- Að skapa starfseminni eins góðar forsendur og kostur er með öllum aðbúnaði.

Mælikvarðar sem notaðir eru til að meta hvort markmiðum sé náð eru annars vegar niðurstaða úr matsþættinum *ánægja og stolt* og hins vegar úr þættinum *vinnuskilyrði*. Markmið náðist ekki varðandi ánægju með vinnuskilyrði en VA er þar 0,25 stigum undir meðaltali framhalds- og háskóla. Markmiði var heldur ekki náð gagnvart ánægju og stolti starfsmanna en þar er skólinn 0,13 stigum undir meðaltalinu.

Almennt eru niðurstöður VA úr Stofnun ársins góðar. Skólinn fékk meðaleinkunnina 4,04, og lækkar um 0,22 stig frá fyrra ári en ekki er búið að gefa út heildarlistann vegna COVID-19. Því er ekki ljóst þegar þessi skýrsla er gerð hvar skólinn raðast á meðal stofnana ríkisins. Svarhlutfall í VA var 74%. Fjöldi útsendra lista var 39 og fjöldi svarenda 29.

Þættir og breytingar frá mælingu síðasta árs




Mynd 6. Úr skýrslu Gallup – tölurnar í sviga sýna mun á meðaltali stofnunar nú frá meðaltali mælingar síðasta árs á kvarðanum 1 – 5.

Mynd 6 sýnir breytingar á meðaleinkunn VA fyrir hvern efnisflokk könnunarinnar á milli áranna 2019 og 2020. Þær breytingar sem sjá mátti árið 2019 halda áfram. Flestir þættir hafa lækkað á milli ára og er það einungis vinnuskilyrði sem hafa hækkað.

Stærsta breytingin á niðurstöðum á milli ára hefur að gera með ánægju með stjórnun en þar lækkar skólinn um 0,46 stig.


Samanburður þátta við allar stofnanir og stofnanir í sama flokk



Mynd 7. Úr skýrslu Gallup – Samanburður allra matsþátta.

Á *Mynd 7* má sjá samanburð allra matsþátta milli VA og annarra framhalds- og háskóla og einnig allra stofnana sem tóku þátt í könnuninni. Árið 2019 var VA með betri niðurstöður en meðaltal skólanna á átta af tíu matsþáttum. Í ár eru þetta aðeins tveir þættir (launakjör og sveigjanleiki í vinnu). Í samanburði við allar stofnanir var VA með betri niðurstöður á níu af tíu matsþáttum árið 2019 en nú eru þeir þrír (launakjör, ímynd stofnunar, ánægja og stolt). Sá þáttur sem kemur verst út er jafnrétti og sérstaklega í samanburði við aðra framhalds- og háskóla. Sá þáttur sem kemur hér best út fyrir VA er ánægja með sveigjanleika vinnu. Ánægja með sveigjanleika í vinnu er +0,13 stigum ofan við meðaltal annarra skóla. Einnig má benda á

ánægju með ímynd stofnunar sem er fyrir neðan aðra skóla en töluvert (0,24 stig) fyrir ofan meðaltal allra stofnana.



Mynd 8: Úr skýrslu Gallup – fimm hæstu og lægstu einkunnir VA. Tölurnar í sviga sýna mun á meðaltali VA og meðaltali stofnana í sama stofnanaflokki (framhalds- og háskólar)

Mynd 8 sýnir fimm hæstu og lægstu einkunnir skólans og í sviga fyrir aftan má sjá mun á niðurstöðum VA og meðaltali framhalds- og háskóla. Hér er tvennt áberandi. Annars vegar er það hæsta niðustaða skólans að geta farið úr vinnu með litlum fyrirvara til að sinna aðkallandi erindum í einkalífi og þátturinn að hafa svigrúm til að útrétta í vinnutímanum þegar nauðsyn krefur. Í báðum þessum atriðum er VA 0,28 stigum hærri en aðrir skólar. Hitt sem er áberandi tengist afstöðu starfsmanna til matar- og kaffiaðstöðu en þar er skólinn 0,88 stigum undir meðaltali skólanna.

Frammistaða ferla og samræmi vöru

Yfirferð á skjölum

Mikil vinna hefur verið á önninni við að yfirfara gæðakerfið, fara í gegnum verklag og betrubæta. Það er í raun búið að fara í gegnum allar verklagsreglur kerfisins og meginþorra

allra gátlista. Auk þess var Sveinn Ólafsson frá Jensen ráðgjöf fenginn til að leiðbeina við næstu skref innleiðingarinnar. Samkvæmt skoðun hans er innleiðingin komin um 70% á veg og stefnt er að því að fara í vottunarferli haustið 2020.

Mætingar, meðaleinkunn, fallprósenta og brottfall

Samkvæmt gæðamarkmiðum skólans skulu mætingar nemenda í dagskóla vera yfir 90%. Þegar vorönnin er skoðuð kemur í ljós að mætingarnar voru 86,2% eða töluvert undir markmiði. Í þetta sinn voru eldri nemendur með óreglulega mætingu teknir út og skekkja ekki myndina.

Gæðamarkmið skólans varðandi meðaleinkunn er að meðaleinkunn sé 6 eða hærri þegar tekið er til allra áfanga. Á vorönn 2020 var meðaleinkunn 6,86 og því ljóst að gæðamarkmið náðist.

Fallprósenta var 15.7% sem þýðir að gæðamarkmiði er náð en það er að vera undir 17%.

Brottfall var 4,8% samkvæmt þeirri aðferð sem notuð hefur verið innan skólans en hún felst í því að skrá þá sem hverfa frá námi í okkar skóla. Markmiðið er að vera undir 3% og því ljóst að við náum markmiðinu ekki alveg ef litið er til þeirrar aðferðar. Ef notuð er aðferð MMR þá er brottfall innan skólans búið að vera 0% tvö síðustu ár sem gögn eru komin fyrir (2017 og 2018) þar sem nemendur hefja nám í VA að loknum 10. bekk skila sér inn á annað ár í framhaldsskóla óháð tilfærslu milli skóla.

Ábendingar, kvartanir, frábrigði

Vinna er í gangi við að forma ferlið við ábendingar, kvartanir og frábrigði. Alls bárust 5 ábendingar, kvartanir, frábrigði á önninni og voru allar leiddar til lykta fljótt. Yfirlit yfir mál og niðurstöður þeirra er vistað í rafrænni málaskrá skólans undir heitinu *Frábrigði, kvartanir o.s.frv. – Skólaárið 2019-2020*.

Útskrift áfanga

Útskrift áfanga er veigamikill þáttur í gæðastjórnunarkerfinu. Til þess að áfangar teljist útskrifaðir þurfa eftirfarandi þættir að vera til staðar:

1. Kennsluáætlun skal skila til áfangastjóra sem rýnir hana. Eftir samþykki er áætlunin undirrituð af áfangastjóra og kennara og sett á kennsluvef í upphafi annar.
2. Framvinda kennslunnar skal metin um miðja önn.
3. Í öllum áföngum skal unnið eftir verklagsreglum um gerð og rýningu námsmatsþátta.
4. Áfangaskýrslu skal skila í lok annar ásamt upplýsingum um varðveislu námsgagna og sundurliðun einkunna.

Í upphafi voru þessir þættir fleiri en þeim hefur fækkað annars vegar við það að gátlistar hafa verið sameinaðir til hagræðingar og aukinnar skilvirkni. Hins vegar hafa listar verið felldir niður hafi þeir ekki þótt skila þeim tilgangi sem upphaflega var ætlast til. Almenna reglan er sú að allir áfangar eiga að útskrifast. Eitt og annað getur þó komið upp á í skólastarfinu sem kemur í veg fyrir að hægt sé að uppfylla kröfur til slíkrar útskriftar. Í þeim tilfellum er afar mikilvægt að rýna hvað það er sem kemur í veg fyrir útskriftina með það að markmiði að gera betur og hækka hlutfall útskrifaðra áfanga. Áfangar á starfsbraut eru undanþegnir útskrift áfanga.

Á vorönn 2020 var hlutfall útskrifaðra áfanga 100%.

Kennsluáætlanir

Kennsluáætlunum skal skilað við upphaf annar fyrir alla kennda áfanga. Áður var það svo að þeim var skilað til áfangastjóra en með breyttu skipulagi er þeim nú skilað til gæðastjóra, þær rýndar og svo skilað undirrituðum af kennara og gæðastjóra inn á kennsluvef að rýningu lokinni. Þar skal koma fram áfangalýsing og markmið, yfirferðaáætlun, námsefni, tímasetningar verkefnaskila og hlutaprófa og námsmat. Skýr viðmið eru fyrir vægi matsþátta í námsmati eftir því hvort um er að ræða símats- eða lokaprófsáfanga og koma þau fram í sniðmáti fyrir kennsluáætlun.

Skil kennsluáætlana til gæðastjóra vorönn 2020:

- Vorönn 2020 – 100%

Framvindumat

Framvindumat var framkvæmt einu sinni á önninni. Felst matið í því að deildarstjórar hitta kennara deildar og fara með þeim yfir framvindu kennslunnar í hverjum áfanga. Þar sem enginn deildarstjóri er í bóknámi fór gæðastjóri yfir stöðuna með kennurum þar. Einnig fór gæðastjóri yfir framvindumat deilda með hverjum deildarstjóra. Deildarstjórar skiluðu gæðastjóra framvindumatinu 13. mars og fundaði gæðastjóri með þeim strax í kjölfarið. Niðurstöður framvindumats voru síðan teknar fyrir á fundi gæðaráðs þann 26. mars og þeim vísað til hlutaðeigandi aðila til vinnslu eftir því sem þörf var á.

Allir áfangar sem kenndir voru fóru í gegnum framvindumat með þeirri undantekningu að áfangar í rafdeild sem kenndir voru hluta úr önn fóru ekki í framvindumat heldur voru þeir metnir sérstaklega.

Áfangaskýrslur

Í lok hverrar annar skila kennarar áfangaskýrslum þar sem niðurstaða áfanga er staðfest. Jafnframt skila þeir sundurliðuðum einkunnum með áfangaskýrslunni. Í skýrslunum gefa þeir upplýsingar um kennslu og yfirferð, hvað megi bæta, dreifingu einkunna og varðveislu námsmatsgagna. Athugasemdir áfangaskýrslna eru færðar á *GÁT-018* sem er vistað í rafrænni málaskrá skólans. Alls voru 14 færð þangað, þar af voru 6 vegna hárrar fallprósentu í áfanga en á haustönn var tekið upp verklagið að skoða málið ef fall væri yfir 35%. Sérstakur gátlisti var tekinn upp í kjölfarið og fundað er með þeim kennurum sem hlut eiga að máli varðandi það hvað hægt sé að gera.

Skil á áfangaskýrslum í lok vorannar 2020 voru með eftirfarandi hætti:

- Vorönn 2020 – 100%

Einkunnalistar

Einkunnalistum skal skilað með áfangaskýrslum. Í listunum eiga að vera sundurliðaðar einkunnir allra nemenda í áfanganum. Skil á einkunnalistum í lok vorannar 2020 voru með eftirfarandi hætti:

- Vorönn 2020 – 100%

Gerð námsmatsþátta

Gátlistum skal skila um gerð námsmatsþátta, hvort sem um er að ræða lokaprófsáfanga, lokaverkefnisáfanga eða símatsáfanga. Með skilum á gátlistanum staðfestir kennari að lokapróf, lokaverkefni eða stærsti símatsþátturinn hafi verið skoðaðir með tilliti til ýmissa faglegra þátta og einnig kemur fram hvort hljóðskrár fylgi með prófi þegar um lokaprófsáfanga er að ræða. Aðstoðarskólameistari og deildarstjóri eða samkennari rýnir lokapróf en þegar um lokaverkefni eða símat er að ræða eru matsþættir rýndir af samkennurum eða deildarstjórum. Skil á gátlistum um gerð námsmatsþátta í lok vorannar 2020 voru með eftirfarandi hætti:

- Vorönn 2020 – 100%

Samantekt

Á heildina litið gengur ferlið sem lýkur með útskrift áfanga mjög vel. Kennarar eru búnir að setja sig vel inn í það og virkar það vel sem aðhald með kennslunni og veitir mikilvægar upplýsingar um gæði og gang náms og kennslu.

Staða forvarna og úrbóta

Hvað er búið að gera á árinu:

Haustönn 2019:

- Hækkunleg borð á vinnurými kennara ásamt skilrúmum til að bæta vinnuskilyrði.
- Friðarstofa útbúin til þess að bæta vinnuskilyrði.
- Skipt um gólfefni í mötuneyti til að bæta aðbúnað nemenda.
- Skúringarvél til þess að bæta vinnuaðstæður ræstingarfólks.
- Kennsluborð í kælitækni til að auka möguleika nemenda.
- Læstar hirslur til þess að koma til móts við persónuvernd.
- Húsgögn í nemendarými til að bæta aðbúnað nemenda.

- Rakatæki sett inn á vinnurými kennara til þess að bæta vinnuskilyrði.
- Mikið var lagt í utanumhald með félagslífi.

Vorönn 2020

- Keyptar spjaldtölvur til að nota á starfsbraut skólans.
- Gert var áhættumat vegna vinnuumhverfis.
- Námskeiðið Kveikja neistann hjá nemendum var haldið dagana 25.-26. maí. Námskeiðið var ætlað öllum kennurum skólans.
- KVAN-námskeið var tekið inn um miðja önn með það fyrir augum að styrkja líðan nemenda.

Aðgerðir til að fylgja eftir fyrri rýni stjórnenda

Í upphafi skýrslunnar er farið yfir niðurstöður fyrri rýni stjórnenda. Eins og sjá má voru mörg atriði sem sett voru á aðgerðarlista og flestum þeirra er lokið að fullu. Önnur munu teygja sig fram að upphafi næsta skólaárs. Gæðastjóri mun sjá um eftirfylgni með aðgerðalistanum.

Jafnlaunakerfið


Markmið jafnlaunakerfis og launagreiningar

Innleiðing á jafnlaunastaðlinum ÍST 85 hefur staðið yfir undanfarin misseri. Forrútekt var framkvæmd miðvikudaginn 11. Desember af vottunarstofunni iCert. Voru gerðar 6 athugasemdir sem unnið var úr og fór vottunarúttekt fram dagana 20. Og 21. Febrúar. Hér fyrir neðan má sjá *Mynd 9* af ferli jafnlaunakerfis skólans.

Sett hafa verið markmið fyrir jafnlaunakerfið. Þau eru hluti af gæðamarkmiðunum og eru eftirfarandi:

- Vinna gegn óútskýrðum launamun
- Viðmið við ákvörðun launa og annarra starfskjara, þ.m.t. úthlutun yfirvinnu, skulu ekki fela í sér kynjamismun


- Allt starfsfólk skal upplýst um að jafnlaunakerfi er innleitt og því viðhaldið í stofnuninni
- Jafna skal hlutfall kynja í stjórnendastörfum




Mynd 9. Ferill jafnlaunakerfisins VA.

Til þess að mæla efstu tvo liðina eru framkvæmdar launagreiningar tvisvar á ári, undir lok hvorrar annar fyrir sig. Launagreining er unnin samkvæmt *VKL-219* og eru gögn framkölluð af fjármálastjóra úr forritinu Emblu. Helstu niðurstöður fyrir vorönn 2020 eru þær að þegar kemur að uppreiknuðum dagvinnulaunum er munur á launum kynjanna óverulegur (2,28%) eins og sjá má á *Mynd 10*. Þegar launin eru ekki uppreiknuð er munurinn hins vegar meiri (20,19). Það helgast af því að konur eru frekar í hlutastörfum en karlar. Til samanburðar var þessi tala 33,4 fyrir haustönn.

Þegar kemur að því að skoða heildarlaun uppreiknuð má sjá að munurinn er 9,3% (sjá *Mynd 11*) og er hann enn meiri þegar störfir eru ekki uppreiknuð. Einnig er munurinn óleiðréttur, þ.e. það er ekki búið að leiðrétta fyrir ákveðnum þáttum. Til samanburðar var þessi tala 19,5% á haustönn og hefur því töluvert áunnist.




Mynd 10. Óleiðréttur launamunur uppreiknaður. Dagvinnulaun – VA – vorönn 2020.



Mynd 11. Óleiðréttur launamunur uppreiknaður. Heildarlaun – VA – 2020.

Þegar yfirvinna er skoðuð einungis er munurinn töluvert meiri eða (49,5%). Til samanburðar má nefna að á haustönn var þessi munur 77,4%. Munurinn er útskýrður með því að í starfslýsingu sumra starfa eru ákvæði um vinnutíma sem fela í sér yfirvinnu. Einnig má sjá að meginþorra yfirvinnu má helst finna í verknáminu þar sem karlar eru í meirihluta. Ástæðan fyrir yfirvinnu þar er sú að þegar kennslumagn eykst þá eykst þörfin fyrir kennara. Erfiðlega hefur gengið að finna kennara og því þurfa þeir sem fyrir eru að bæta meira á sig. Þannig skapast yfirvinna. Til þess að vinna bug á þessu var reynt að höfða sérstaklega til kvenna við auglýsingu starfa í verkgreinakennslu í vor. Það hafði þau áhrif að kona fékkst til starfa fyrir

haustönnina. Áfram verður þó haldið á þessari braut við auglýsingu starfanna.




Mynd 12. Óleiðréttur launamunur uppreiknaður. Yfirvinnulaun – VA – vorönn 2020.

Innri úttektir jafnlaunakerfis

Í janúar 2020 var gerð úttekt á þeim verklagsreglum sem snúa að jafnlaunakerfinu og munu þær verða teknar út a.m.k. einu sinni á ári. Úttektarmenn voru þeir Jón Valgeir Jónsson og Gunnar Ólafsson. Úttekin fór fram dagana 13. og 14. janúar. Gerðar voru 11 athugasemdir sem skráðar voru á GÁT-005 Frávika- og úrbótaskýrsla. Gæðastjóri hefur yfirumsjón með því að ráðist verði í þær umbætur sem þarf að ráðast í.

Könnun á jafnlaunakerfinu meðal starfsfólks

Eitt af markmiðum jafnlaunakerfisins er að starfsfólk skuli upplýst um að jafnlaunakerfi er innleitt og því viðhaldið. Könnunin var lögð fyrir í lok maí 2020. Könnunin innihélt eina spurningu: Hversu vel/illa ert þú upplýst/ur um að jafnlaunakerfi sé innleitt og því viðhaldið? Svarhlutfall í könnuninni var 72%. Niðurstöðurnar gefa því góða mynd af stöðunni varðandi markmiðið. Eins og sjá má á *Mynd 13* eru 69% sem annað hvort telja sig vel eða mjög vel upplýsta um jafnlaunakerfið, 27% sæmilega en aðrir illa. Enginn telur sig mjög illa upplýsta/n.



Mynd 13. Niðurstöður könnunar meðal starfsfólks á jafnlaunakerfinu, innleiðingu og viðhaldi.

Markmiðið var að 90% svarenda væru vel eða mjög vel upplýstir og því ljóst að taka þarf til hendinni við ennþá frekari kynningar á kerfinu á næsta skólaári.

Niðurstöður markmiða

Vinna gegn óútskýrðum launamun	Launagreiningar tvisvar á ári.	2,28%	9.12.19	≤ 3% óútskýrður launamunur
Viðmið við ákvörðun launa og annarra starfskjara, þ.m.t. úthlutun yfirvinnu, skulu ekki fela í sér kynjamismunur	Innri úttektir Launagreiningar tvisvar á ári.	2,28%		≤ 3% óútskýrður launamunur ≤ 3% óútskýrður munur kynjanna þegar kemur að úthlutun yfirvinnu
Allt starfsfólk skal upplýst um að jafnlaunakerfi er innleitt og því viðhaldið í stofnuninni	Könnun á meðal starfsmanna Hversu vel ert þú upplýst/ur um jafnlaunakerfið og viðhald þess?	69%	V20	≥ 90% svari mjög vel eða vel
Jafna skal hlutfall kynja í stjórnendastörfum	Staðan tekin í lok hvers skólaárs.	4-4	V20	Jöfn kynjahlutfall í stjórnunarstöðum

Breytingar í rekstri VA sem gætu haft áhrif á stjórnunarkerfið

Endurskoðun á gæðamarkmiðum og gæðakerfinu í heild fyrir vottunarferli haustið 2020.

Austurendinn. Það að fá hann getur breytt ýmsu, t.d. gæðamarkmiðum og rekstri.

Það er nemendafæði á upptökusvæði skólans. Skapar óstöðugleika að hafa sveiflu í nemendafjölda vegna ólíkra áfangastærða. Með því er ekki hægt að halda stöðugleika í námsframboði sem aftur veldur því að trú á skólann minnkar sem getur skilað sér í færri umsóknum.

Samkvæmt áætlunum er fjármögnun skólans frá hinu opinbera verulega ábótavant.

Ýmis lærdómur sem hægt er að draga af ástandinu sem skapaðist í COVID-19, t.d. á sviði ýmissa fjarlausna í stjórnun, námi og kennslu.

Mikil þjálfun sem kennarar fengu í fjarkennslu í COVID-19 sem hægt er að byggja ofan á.

Tilmæli stjórnvalda vegna ástandsins í þjóðfélaginu um að það eigi að taka í auknum mæli við eldri nemendum í starfsnám.

Innleiðing á mannauðskerfum, grænum skrefum í ríkisrekstri, styttingu vinnuvikunnar og loftslagsstefnu.

Mat á ytri þáttum/áhættuþáttum sem geta haf áhrif á starf skólans

Til þess að taka þetta saman á skýrari hátt var ráðist í að greina sterkar og veikar hliðar skólans. Verður áfram unnið með þetta á næsta rýnifundi stjórnenda, í lok haustannar 2020.

Sterkar hliðar	Veikar hliðar
Smæð skólans	Óöryggi í rekstri
Utanumhald með nemendum	Mötuneytis/kaffiaðstaða
Fjölbreytt námsframboð	Starfsaðstaða í verknámshúsi
Skýrir verkferlar í kringum nám og kennslu	Hafa ekki skapast sterkar hefðir í félagslífi
Stuttar boðleiðir	Ekki tekist að virkja foreldra nægilega inn í skólastarfið
Góð heimavist og persónuleg eftirfylgni með vistarbúum	Loftgæði eru ekki nægilega góð
Markvisst innra mat	Tekst ekki nægilega vel að virkja nemendur
Mörg tækifæri fyrir nemendur og starfsfólk í erlendu samstarfi	Kennsluaðferðir og námsmat gæti verið fjölbreyttara og meira í anda leiðsagnarnáms
Persónuleg tengsl nemenda og starfsfólks	Vantar tækniþúnað til þess að efla kennslu

Starfsánægja	Fámennir námshópar
Vel menntað starfsfólk	Lítið um að vera í samfélaginu fyrir unglinga á framhaldsskólaaldri
Starfsaðstaða í bóknámshúsi er góð	
Sveigjanleiki í vinnu	
Stuðningur við nám starfsfólks	
Fab Lab í húsnæði skólans	
Tæknidagur fjölskyldunnar	
Samnýting á húsnæði og mannafla við Nesskóla	
Góð tengsl við fyrirtæki og stofnanir í nærsamfélaginu	
Góð tengsl við yfirvöld í sveitarfélaginu	
Heilsueflandi framhaldsskóli	
Upplýsingaflæði innan og utan stofnunar	
Umhverfisstarf	
Skólinn hefur innleitt virkt jafnlaunakerfi og hlotið jafnlaunavottun	
Endurmenntun hefur verið efld innan skólans	
Lágt brottfall	
Fjölbreyttur nemendahópur	

Tillögur um umbætur

Áframhaldandi innleiðing á gæðakerfinu og vottun haustið 2020.

Listanum gerð námsmatsþátta sé skilað í upphafi annar ef um símats- eða

lokaverkefnisáfangar er að ræða. Þannig sé tryggt að verkefnin séu rýnd áður en þau eru lögð fyrir. Einnig tryggja að rýnin eigi sér stað.

Skerpa á hlutverki deildarstjóra samanber innri úttektir

Koma á reglulegum deildar- og deildarstjóra fundum og sjá til þess að niðurstöður þeirra séu skjalaðar

Halda áfram að þróa jafnlaunakerfið

Þarf að samþykkja öll skjöl varðandi gæðakerfið og koma á vefinn.

Þarf að tryggja það að stundakennarar sem koma að utan séu settir vel inn í gæðakerfið og þau skjöl sem þarf að skila vegna kennslunnar.

Bæta upplýsingaflæði til nemenda og forráðamanna varðandi gengi í náminu.

Koma upp reglulegum rýnihópafundum með nemendum þar sem tekin eru fyrir ákveðin málefni

Halda áfram að efla starfsfólk í því að tileinka sér fjölbreyttar leiðir til að koma til móts við nemendur

Endurskoða skólasóknarreglur með það að markmiði að nemendur taki aukna ábyrgð á eigin námsframvindu. Að sjónum sé beint í auknum mæli að því sem er jákvætt í námsgengi nemenda.

Tillögur um auðlindir

Mikil starfsánægja starfsmanna. Mjög mikilvægt að halda henni við.

Smæðin skapar gott utanumhald með nemendum.

Nám og kennsla í skólalokun sýndi okkur vel styrkleika skólans

AÐGERÐALISTI VEGNA RÝNI STJÓRNENDA VORÖNN 2020			
Nr.	Atriði	Ábyrgð	Tími
2	Innri úttektir		
	Eftirfylgni með innri úttektum/eftiráúttektir	Gæðastjóri/úttektaraðilar	Sept. 2020
	Taka út verklagsreglur samkvæmt skipulagi	Gæðastjóri	Des. 2020
	Setja upp nýtt skipulag varðandi innri úttektir	Gæðastjóri/gæðaráð	Des. 2020
3	Endurgjöf frá viðskiptavinum og notendum		
	Halda vel utan um þátttöku nemenda í áfangamati. Halda áfangamatstíma og hafa umbun til þess að auka hlutfall þátttakenda.	Stjórnendur	Des. 2020
	Skólapúlsinn verður tekinn inn á hverju ári í stað þess að hafa hann annað hvert ár.	Skólameistari/gæðastjóri	Okt. 2020
	Gera þjónustukannanir á árinu, s.s. mótuneyti, skólaakstur og skrifstofu.	Gæðastjóri	Des. 2020

AÐGERÐALISTI VEGNA RÝNI STJÓRNENDA VORÖNN 2020			
Nr.	Atriði	Ábyrgð	Tími
	Koma starfsþróunarsamtölum í fastar skorður.	Skólameistari	Des. 2020
	Koma upp reglulegum rýnihópafundum með nemendum þar sem tekin eru fyrir ákveðin málefni.	Gæðastjóri	Okt. 2020
4	Frammistaða ferla, samræmi vöru, útskrift áfanga og námskeiða		
	Það þarf að gera framvindumatinu hærra undir höfði.	Gæðastjóri	Okt. 2020
	Tryggja að kennarar sem koma í aðkeypta kennslu séu vel upplýstir um gæðakerfið og hlutverk þeirra innan þess.	Gæðastjóri/Skólameistari	Ágúst 2020-Des. 2020
	Tryggja rýni á námsmatsþáttum og skil á gátlistanum Gerð námsmatsþátta áður en þátturinn er lagður fyrir.		
5	Úrbætur		
	Koma á reglulegum deildar- og deildarstjóra fundum og sjá til þess að niðurstöður þeirra séu skjalaðar	Skólameistari/Gæðastjóri	Ágúst 2020
	Skerpa á hlutverki deildarstjóra í gæðakerfinu.	Skólameistari/Gæðastjóri	Des. 2020
	Tryggja að nýtt starfsfólk sé vel upplýst um starfsemina þegar það hefur störf.	Skólameistari	Des. 2020
	Þarf að skerpa á ferli varðandi skráningar á frávikum. Farið er eftir ferlinum en það þarf að tryggja skilvirkari leiðir.	Stjórnendur	Des. 2020
6	Jafnlaunakerfið		
	Það þarf að kynna jafnlaunakerfið betur fyrir starfsfólki, sbr. niðurstöðu könnunar.	Gæðastjóri	Des. 2020
	Auglýsa stöður í verknámi með það fyrir augum að höfða sérstaklega til kvenna.	Skólameistari	Des. 2020
	Halda áfram að vinna að þróun kerfisins	Gæðastjóri	Des. 2020
7	Breytingar sem gætu haft áhrif á gæðastjórnunarkerfið (þ.m.t. gæðastefna og markmið)		
	Endurskoðun starfslýsinga.	Skólameistari	Des. 2020
	Endurskoðun stúdentsbrauta.	Aðstoðarskólameistari	Des. 2020
	Innleiðing mannauðskerfa.	Skólameistari/Fjármála- og skrifstofustjóri	Des. 2020
8	Tillögur um umbætur		
	Vottun gæðakerfis á haustönn 2020	Gæðastjóri	Nóv. 2020

AÐGERÐALISTI VEGNA RÝNI STJÓRNENDA VORÖNN 2020			
Nr.	Atriði	Ábyrgð	Tími
	þarf að samþykkja öll skjöl varðandi gæðakerfið og koma á vefinn	Gæðastjóri	Okt. 2020
9	Tillögur um auðlindir		
	Það þarf áttak í því að efla og viðhalda starfsánægju.	Stjórnendur	Des. 2020
	Halda áfram að tryggja starfsfólki endurmenntun sem eflir það í starfi.	Stjórnendur	Des. 2020